

Nefndasvið Alþingis  
Berist umhverfisnefnd  
Austurstræti 8 - 10

Tilvísun vor: 98.11

Dags.: 15.02.2007

150 REYKJAVÍK


Efni: **Umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, 65. mál.**

Landsvirkjun hefur borist bréf umhverfisnefndar, dags. 1. febrúar 2007 þar sem óskað er umsagnar fyrirtækisins um ofangreinda þingsályktunartillögu. Athugasemdir Landsvirkjunar fara hér á eftir:

Í fyrirliggjandi tillögu til þingsályktunar er vísað til þjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum sbr. reglugerð nr. 359/1993 og breytingu á henni nr. 285/2001. Einnig er vísað til fyrirhugaðs Vatnajökulsþjóðgarðs sbr. frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi, 395. mál, heildarlög.

Með vísan til framangreinds telur Landsvirkjun fram komna þingsályktunartillögu um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum óþarfa en vísar til umsagnar fyrirtækisins um fyrirliggjandi frumvarp um Vatnajökulsþjóðgarð, sem send var umhverfisnefnd og dagsett í dag.

Virðingarfyllst



Örylgur Þórðarson  
yfirmaður lögfræðimála